

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992 - 2012, Beitistaðir í Leirár- og Melahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að landnotkun á hluta jarðarinnar Beitistaða (28,8 ha) meðfram Þjóðvegi nr. 504 á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði verður breytt í frístunda- og íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Leirár- og Melahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 20. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.